

## Verkefnahópur- Stuðningsfjölskyldur

Undirritaðar voru tilnefndar af yfirmönnum Velferðarþjónustu á Vesturlandi til þess að fara yfir greiðslur til stuðningsfjölskyldna á svæðinu okkar, Vesturlandi. Verkefnahópurinn samanstendur af fagaðilum hjá hverju sveitarfélagi og var þeim falið það verkefni að skoða gjaldskrár, forsendur þeirra og samræma gjaldskrár á Vesturlandi fyrir stuðningsfjölskyldur.

Frá lok október og fram í miðjan desember hittist verkefnahópurinn alls í átta skipti. Fundað var í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams en einnig hittist hópurinn í eitt skipti hluta úr degi. Skoðað var hvernig greiðslum til stuðningsfjölskyldna var háttað hjá nokkrum misfjölmönnum sveitarfélögum á landinu. Hjá þeim sveitarfélögum sem voru skoðuð kom fram að flest þeirra miða gjaldskrá sína við umönnunarflokka Tryggingastofnunar ríkisins þannig að greiðslan tekur mið af stuðningsþörfum barns.

Greiðslur til stuðningsforeldra eru alla jafna verktakagreiðslur, nema samið sé um annað. Samningsfjárhæð tekur mið af stuðningsþörf barna eins og að ofan greinir og fjölda sólarhringa sem barnið dvelur hjá viðkomandi fjölskyldu.

Af þeim sveitarfélögum sem við skoðuðum og fengum upplýsingar frá, þá er Reykjavíkurborg eina sveitarfélagið sem er með sérstakan greiðsluflokk til stuðningsfjölskyldna skv. barnaverndarlögum. Þar er ákveðin grunngreiðsla á sólarhring en einnig möguleiki á álagsgreiðslu og sérstakri álagsgreiðslu.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirlitstöflu eru hæstu greiðslurnar hjá Reykjavíkurborg og Hornafirði. Samkvæmt þeim sveitarfélögum var gjaldskrá hækkuð þar sem erfitt hafði reynst að fá stuðningsfjölskyldur til starfa. Eftir að gjaldskrá var hækkuð hefur gengið mun betur að fá stuðningsfjölskyldur til starfa og þær eru almennt með samning til lengri tíma en áður.

Hópurinn fékk einnig þær upplýsingar að í sérstökum tilvikum greiða sum sveitarfélög aukalega fyrir akstur og kemur hámarksfjöldi km inn á samninginn. Þegar þetta var skoðað kom í ljós að akstur er greiddur frekar í þeim sveitarfélögum sem eru í dreifbýli

### **Tillaga verkefnahóps að samræmdri gjaldskrá**

Verkefnahópurinn leggur til að ný samræmd gjaldskrá á Vesturlandi miðist við meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunar og flokkarnir miðist við hlutfall af meðlagsgreiðslu. Með því að miða við fjárhæð meðlags tryggjum við reglulega uppfærslu á gjaldskrá, samræmi og jafnræði óháð því hvenær ársins samningur er gerður.

#### **Verkefnahópurinn leggur til að gjaldskráin miðist við:**

- Vegna barna með umönnunarmat skv. 1. fl. er greitt sem svarar til 100% upphæðar af meðlagi Tryggingastofnunar með einu barni á mánuði fyrir hvern sólahring.
- Vegna barna með umönnunarmat skv. 2. fl. er greitt sem svarar til 85% upphæðar af meðlagi Tryggingastofnunar með einu barni á mánuði fyrir hvern sólahring.
- Vegna barna með umönnunarmat skv. 3. fl. er greitt sem svarar til 65% upphæðar af meðlagi Tryggingarstofnunnar með einu barni á mánuði fyrir hvern sólahring
- Vegna barna með umönnunarmat skv. 4. fl. er greitt sem svarar til 50% upphæðar af meðlagi Tryggingarstofnunar með einu barni á mánuði fyrir hvern sólahring.
  
- Í sérstökum tilvikum er hægt að greiða aukalega fyrir akstur sem samsvarar einni Reykjavíkurförð. Hámarks km fjöldi kemur fram í samningi, skilyrði fyrir því er að skila inn akstursnótu.
- Í sérstökum tilvikum er heimilt að greiða allt að 50% álag á sólahring ef umönnunarþörf barns er afar umfangsmikil s.s. vegna fjölþætts vanda eða mjög hamlandi fötlunar.

Miðað er við að þjónusta hefjist þegar barn er komið á heimili stuðningsfjölskyldu eða á heimili barnsins ef fyrirkomulag þjónustunnar er með þeim hætti.

Ferðir barns við upphaf og lok dvalar teljast ekki til þjónustu stuðningsfjölskyldu nema sérstaklega sé um það samið. Forráðamenn barnsins bera ábyrgð á ferðum þess til og frá stuðningsfjölskyldu nema um annað sé samið sérstaklega.

## Gjaldskrá fyrir stuðningsfjölskyldur Stuðnings- og stoðþjónusta 2025

Matsflokkar út frá umönnunarflokkum TR	Greiðsla á sólarhring		
Greiðsla fyrir 1. flokk er 100% af meðlagi með einu barni á mánuði.	48,131	48,131	100%
Greiðsla fyrir 2. flokk er 85% af meðlagi með einu barni á mánuði.	40,911	48,131	85%
Greiðsla fyrir 3. flokk er 65% meðlagi með einu barni á mánuði.	31,285	48,131	65%
Greiðsla fyrir börn og ungmenni sem ekki eru með umönnunarmat eru 50% af meðlagi með einu barni á mánuði.	24,066	48,131	50%

\*Meðlagsgreiðslur með einu barni á mánuði frá 1. janúar 2025 eru kr. 48,131.

F.h. verkefnahóps,

Drífa Mjöll Sigurbergsdóttir málstjóri hjá Akraneskaupstað,

Guðrún Sigríður Gísladóttir deildarstjóri í málefnum fatlaðra í Borgarbyggð

Jóna Björg Guðmundsdóttir verkefnastjóri fjölskyldumála hjá Dalabyggð.

Ragnheiður Dröfn Benidiktsdóttir ráðgjafi í málaflokki fatlaðra hjá félags- og skólaþjónustu Snæfellinga,

Svala Ýr Smáradóttir verkefnastjóri velferðar- og fræðsludeildar hjá Hvalfjarðarsveit,